



## **Nemendafélag Patreksskóla.**

Nemendafélag Patreksskóla starfar skv. 10.gr. laga um Grunnskóla.

10. grein.

Nemendafélag.

Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum.

Markmið nemendafélagsins í skólanum er að þar geti nemendur unnið að félags- hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og:

1. Þroskist félagslega
2. Verði hæfari að lifa og starfa í lýðræðisþjóðfélagi
3. Geti tjáð skoðanir sínar með eðlilegum hætti og unnið með öðrum að þroskandi viðfangsefnum.

Kosningar:

Í stjórn nemendafélagsins eru kosnir nemendur í 6. – 10. bekk, einn úr hverjum bekk.

Stjórnin lætur nemendur fylgjast með hvað er verið að gera og hvað er framundan, t.d. með því að setja fundargerðir inn á heimasíðu skólans eða með heimsóknum í bekki. Stjórnin tekur einnig við hugmyndum og/eða athugasemdum vegna starfseminnar. Stjórnin kýs sér formann á fyrsta fundi ár hvert, en skiptir að öðru leyti með sér verkum, s.s. kýs ritara. Fundargerð skal rituð á hverjum fundi.

Stjórnin getur komið með tillögu um fulltrúa nemenda í Skólaráð skólans. Umsjónarmaður nemendafélagsins kemur úr röðum starfsfólks skólans. Hans hlutverk er að halda utan um starfsemina, stjórna fundum, skipuleggja viðburði, kenna fundarsköp og lýðræðisleg vinnubrögð.

**Stjórn Nemendafélags Patreksskóla 2018 – 2019:**

- 10. bekkur: Sara Líf Helgadóttir
- 9. bekkur: Elísa Margrét Marteinsdóttir
- 8. bekkur: Klaudia Magdalena Kozuch
- 7. bekkur: Þróstur Ben Björnsson
- 6. bekkur: Rakel Sara Sveinsdóttir Berg
- Varam: Íris Emma Sigurpálsdóttir (5. bekk)

Umsjónarmaður: Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir

Uppfært í september 2018 af GG.